

## Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

**haldinn miðvikudaginn 9. desember 2020, kl. 16:00, á samskiptaforritinu Zoom.**

### Fundur nr. 173.

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arnfríður Jóhannesdóttir (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Sigurður Arnar Sverrisson (Z).

Jón Hrafn Karlsson (D), Anna Magdalena Buda (D) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z) boðuðu forföll.

Arndís Jóhanna Harðardóttir ritar fundargerð sem er 2 blaðsíður.

Dagskrá:

#### **Kl. 16:00 – Fræðslunefnd.**

- 1) Fjárhagsáætlun 2021.

Farið yfir fjárhagsáætlun yfir fræðslunefnd. Og gerir nefndin ekki athugasemdir við áætlunina fyrir sitt leyti.

- 2) Önnur mál.  
Formaður fer yfir stöðuna frá síðasta fundi.

#### **Kl. 16:30 – Heilsuleikskólinn Kæribær.**

- 1) Fjárhagsáætlun leikskólans 2021.

Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir leikskólann Kærabæ. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við áætlunina fyrir sitt leyti.

- 2) Starfsmannamál.

Veturinn búinn að vera erfiður og ekki hjálpar aðstöðuleysið. Mikið um veikindi meðal starfsmanna sjaldan fullmannaður dagur afleysingar mikið notaðar. Kemur inn 1 auka stöðugildi vegna styttingu vinnuvikunnar 2021.

Fræðslunefnd vill beina því til sveitarstjórnar að kanna með ráðningu trúnaðarlæknis fyrir sveitarfélagið.

- 3) Opnunartími leikskólans kringum jól og áramót.

Fræðslunefnd samþykkir tillögu leikskólastjóra um að hafa lokað á Þorláksmessu og dagana milli jóla og nýárs.

- 4) Önnur mál.

Staða leikskólans vegna covid rædd.

#### **Kl. 17:15 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.**

- 1) Fjárhagsáætlun tónlistarskólans 2021.  
Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir Tónlistarskóla Skaftárhrepps.  
Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við áætlunina fyrir sitt leyti
- 2) Önnur mál.  
Þar sem ekki er hægt að vera með jólatónleika þá á að taka upp hvern nemenda spila lag og svo verður það sameinað í hljómsveit.

\*bæta þarf upplýsingaflæði milli grunnskóla og tónlistarskóla.

#### **Kl. 17:45 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.**

- 1) Fjárhagsáætlun grunnskólans 2021.  
Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir Kirkjubæjarskóla á Síðu.  
Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við áætlunina fyrir sitt leyti en vill láta kanna hvort netþjónustu sé skipt hlutfallslega eftir notkun á milli stofnana sem nýta net skólans.
- 2) Viðbragðsáætlun við einelti.  
Uppfærð viðbragðsáætlun við einelti kynnt fyrir fræðslunefnd. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við áætlunina.  
Eineltisáætlun á að endurskoða á hverju hausti.
- 3) Viðhorfskönnun.  
Viðhorfskönnun frá Atttentus kynnt og verður hún send rafrænt á foreldra og starfsmenn skólans.
- 4) Önnur mál.  
Staða grunnskólans vegna covid rædd  
Öryggismál í kringum skólann og lýsing við gangbraut og á Laugarveginum rædd og hvetur fræðslunefnd sveitarstjórn til að flýta þessum framkvæmdum eins og kostur er. Formanni fræðslunefndar falið að fylgja málinu eftir í samræmi við fyrri bókanir.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:37.**

**Þorsteinn M. Kristinsson**

**Arndís Jóhanna Harðardóttir**

**Arnfríður Jóhannesdóttir**

**Sigurður Arnar Sverrisson**